



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Miðvikudagurinn 7. júní 2006

Ákvörðun nr. 18/2006

## **Kaup Bílanausts hf. á Olíufélaginu hf.**

### **1.**

Þann 13. mars 2006 barst Samkeppniseftirlitinu samrunaskrá þar sem fram kemur að Bílanaust hf. hafi keypt allan hlut í Olíufélaginu hf. Framsetning samrunaskrárinnar tekur mið af viðauka í reglum nr. 881/2005 um tilkynningu samruna<sup>1</sup>. Samrunaskránni fylgdi einnig kaupsamningur, dags. 6. febrúar 2006. Þá fylgdu skránni einnig ýmis gögn um bæði félög, s.s. ársreikningar, vottorð Hlutafélagaskrár og upplýsingar um hlutafélagabátttöku stjórnarmanna. Að mati Samkeppniseftirlitsins felur umræddur kaupsamningur í sér samruna í skilningi 4. og 17. gr. samkeppnislaga og fellur samruninn undir samrunaeftirlit 17. gr. laganna, þar sem veltuskilyrði eru uppfyllt.

Með bréfi dags. 11. apríl 2006, tilkynnti Samkeppniseftirlitið málsaðilum að stofnunin teldi ástæðu til frekari rannsóknar á samkeppnislegum áhrifum samrunans, sbr. 4. mgr. 17. gr. samkeppnislaga.

### **2.**

Í tilkynningunni kemur fram að Bílanaust sé verslunarfyrirtæki sem sérhæfi sig í varahlutum og öðrum vörum tengdum rekstri bifreiða. Þá reki Bílanaust samhliða smásölurekstri sínum umfangsmikla heildsölu á bíla- og rekstrarvörum til verkstæða, verslana bensínstöðva og annarra endurseljenda um allt land. Um Olíufélagið segir að grunnstarfsemi þess sé innflutningur og sala á eldsneyti. Ofan á þennan grunn hafi Olíufélagið svo þróað rekstur verslana á neytendamarkaði og sölu rekstrarvara á fyrirtækjamarkaði.

Í tilkynningunni segir að ekki sé ráðgerður samruni í skilningi XIV. kafla hlutafélagalaga nr. 2/1995. Bílanaust og Olíufélagið muni verða rekin áfram sjálfstætt en verða dótturfélög eignarhaldsfélagsins, sem sé hinn rétti kaupandi Olíufélagsins samkvæmt kaupsamningi. Þá segir ennfremur að markmið kaupanna séu fyrst og fremst að mynda öflugt fyrirtæki sem sé betur í stakk búið til að takast á við sívaxandi samkeppnisumhverfi, bæði innan lands sem utan. Sé það mat Bílanausts að ná megi jákvæðum samlegðaráhrifum með kaupunum auk

<sup>1</sup> Viðauki með skrá yfir upplýsingar sem þurfa að koma fram í tilkynningu til Samkeppniseftirlitsins um samruna fyrirtækja (samrunaskrá).



þess sem tækifæri séu á að auka hagkvæmni í dreifileiðum félaganna með því að bjóða meira vöruúrval.

### 3.

Af upplýsingum sem fram koma í tilkynningunni má ráða að samlegðaráhrifa samrunans muni fyrst og fremst gæta í þeirri smávöru sem tengist bifreiðum og seldar eru á bensínstöðvum Olíufélagsins, þ.e. smurolíur, bílahreinsivörur, verkfæri og litlir bílavarahlutir eins og perur, kerti og öryggi. Samrunafélögin munu því styrkja stöðu sína á þessum sviðum viðskipta við samrunann. Athuganir Samkeppniseftirlitsins gefa hins vegar ekki til kynna að samruninn muni hafa skaðleg samkeppnisleg áhrif.

Í ljósi þessa og með hliðsjón af öðrum gögnum málsins er það mat Samkeppniseftirlitsins að ekki sé ástæða til að aðhafast frekar vegna kaupna Bílanausts á Olíufélaginu á grundvelli 17. gr. samkeppnislaga.

### Ákvörðunarorð

**„Með kaupsamningi, dags. 6. febrúar 2006, keypti Bílanaust hf. allt hlutfé í Olíufélaginu hf. Samkeppniseftirlitið telur að ekki sé ástæða til að aðhafast frekar vegna umrædds samruna á grundvelli 17. gr. samkeppnislaga.“**

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson